

One

**Almennt****Heiti:** Sveitarstjórn Dalabyggðar - 158 (20.2.2018) - Sala á Laugum og Sælingsdalstungu - Ósk um umsögn**Fyrirtæki:** Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti**Mál:** Sala á Laugum og Sælingsdalstungu - Ósk um umsögn**Númer:** 1802027**Dagsetning fundar:** 20.2.2018**Inngangur:** Með bréfi dags. 14. febrúar 2018 upplýsir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um kvörtun Bjarna Ásgeirssonar frá 6. febrúar varðandi fyrirhugaða sölu sveitarfélagsins á jörðunum Laugum og Sælingsdalstungu. Með vísan í 133. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 óskar ráðuneytið eftir umsögn sveitarfélagsins um efni kvörtunarinnar og jafnframt upplýsingum um aðdraganda og meðferð málsins í stjórnarsýslu sveitarfélagsins.**Niðurstaða:** Samþykkt**Bókun:** Til máls tók: Eyjólfur, Lögð fram tillaga: Sveitarstjóra falið að taka saman drög að svarbréfi til ráðuneytisins og bera undir sveitarstjórn. Samþykkt með sex atkvæðum. Einn situr hjá (EIB) Eyjólfur leggur til að bréf ráðuneytisins og svarbréf Dalabyggðar verði birt á vef Dalabyggðar. Samþykkt í einu hljóði. Eyjólfur lagði fram bókun: Ég tel stjórnarsýsluna kringum söluferlið ekki nógu skýra og er núna mótfallinn sölu eigna á þeim forsendum sem hún var afgreidd á 157. fundi sveitarstjórnar 16. janúar sl., þó ég hafi veitt hlutleysi mitt þar. Eins velti ég fyrir mér umboði okkar sveitarstjórnarmanna, hvert er okkar bakland þegar ræða þarf stór mál. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum var kjörsókn rúm 56% í sveitarfélaginu og viðhaft persónukjör. Síðast þegar var viðhöfð listakosning árið 2006 var kjörsókn 85% og 88% árið 2002, einnig listakosning þá. Þetta er minn 20 sveitarstjórnarfundur á kjörtímabilinu 2014-2018 sem fyrsti varamaður í sveitarstjórn. Einu sinni á kjörtímabilinu hafa allir aðal- og varamenn verið boðaðir saman á fund, í júní 2014, þar sem óskað er eftir að allir mæti en aldrei síðan að ég best veit. Aðal- og varamenn voru aldrei boðaðir saman til að ræða sölu eigna sveitarfélagsins. Sennilega stærsta mál sem hefur verið afgreitt af sveitarstjórn á síðari árum. Ég hef síðustu vikur skynjað talsverða ólgu í samfélaginu vegna þessa máls og tel að betra upplýsingaflæði hefði verið farsælla fyrir afgreiðslu þess. Ef væri viðhöfð listakosning hefði bakland listans væntanlega rætt saman eða ég geri ráð fyrir því. Þá væri væntanlega víðtækari sátt um málsmeðferðina. Af þeim sökum velti ég fyrir mér umboði okkar þó svo við séum löglega kjörin miðað við gildandi lög um kjör sveitarstjórnarmanna.**Ítarbókun****Bókun:**